

Nd. 526. Frumvarp til laga [193. mál]
um afhendingu prestssetursjarðar og flutning prestsseturs.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jónas G. Rafnar, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda Landnámi ríkisins prestssetursjörðina Sauðanes til nýbýlastofnunar og ákveða jafnframt afhendingunni, að prestur Sauðanes- og Svalbarðssókna skuli hafa aðsetur í Þórshöfn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í Sauðanesprestakalli í Norður-Þingeyjarsýslu eru 2 kirkjusóknir, Svalbarðs-sókn og Sauðanessókn, en í Sauðanessókn eru 2 hreppar, Sauðaneshreppur og Þórs-hafnarhreppur, sem er langfjölmennasti hreppur í prestakallinu. Hreppsnefnd Þórs-hafnarhrepps og borgarafundur í Þórshöfn hafa farið þess á leit, að prestssetur verði í Þórshöfn. Hreppsnefnd Sauðaneshrepps hefur óskað þess, að meiri hluti prests-setursjarðarinnar verði afhentur Landnámi ríkisins til nýbýlastofnunar. Fyrir íbúa Svalbarðssóknar ætti ekki að vera óhagræði að breytingunni, því að Þórshöfn er nær þeirri sókn en Sauðanes. Sauðanesprestakall hefur verið auglýst til umsóknar, og var umsóknarfrestur til 15. apríl, en enginn umsækjandi hefur gefið sig fram að svo stöddu.